



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 27. mars 2008

Tilvísun: UST20080200148/ksj

Tillaga um deiliskipulag frístundabyggðar, Símonarbrekku í landi Nesja

Vísað er til erindis frá Pétri I Haraldssyni skipulagsfulltrúa er barst þann 25. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag frístundabyggðar á Símonarbrekku í landi Nesja í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Náttúruminjar

Staðsetning deiliskipulagstillögu fyrir frístundabyggð á Símonarbrekku í landi Nesja er á svæði sem lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005 ná yfir. Einnig gildir reglugerð nr. 650/2006 sem kveður á um verndun alls vatnasviðsins á svæðinu. Þingvellir og Þingvallavatn eru á náttúruminjaskrá (svæði nr. 743), en í skránni segir: „**Þingvellir og Þingvallavatn, Þingvallahreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnassýslu.** (1) Þingvellir og land jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka samkvæmt sérlögum nr. 59/1928. Þingvallavatn ásamt eyjum og strandlengju umhverfis vatnið. (2) Þingvellir eru einstakur sögustaður, landslag stórbrotið og fágætt að jarðfræðilegri gerð. Þingvallavatn er lífauðugt vatn í sigdal og má þar m. a. finna fjögur afbrigði af bleikju.“ Athuga skal að við það er almennt miðað þegar vötn, tjarnir og ár eru sett á náttúruminjaskrá að vernda beri vatnið og strönd þess ásamt 100 metra breiðu beltum ofan eðlilegra flóðamarka eða gljúfurbrúna.

Frístundabyggð

Þar sem svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns og þar sem Þingvallavatn er á náttúruminjaskrá vill Umhverfisstofnun taka það fram að í umsögnum við fyrri skipulagstillögur að frístundabyggð við Þingvallavatn hefur stofnunin vakið athygli á að aukning á frístundabyggð geti skaðað lífríki vatnsins og minnkað tærleika þess. Með aukinni frístundabyggð ásamt aukinni umferð með vaxandi fjölda ferðamanna og þjónustu við þá má búast við að losun niturs vegna skólps muni fara vaxandi. Umhverfisstofnun hefur lagt til að gerðar verði ítarlegri rannsóknir á áhrifum niturmengunar á vatnið og að farið verði varlega í frekari uppbyggingu frístundabyggðar þar


til niðurstaða liggur fyrir.


Deiliskipulagstillagan sem hér er til umfjöllunar er í samræmi við Aðalskipulag Grímsness- og Grafningshrepps og staðsetning byggingarreita er í 100 metra fjarlægð frá Þingvallavatni. Gert er ráð fyrir göngustíg sem tryggja á aðgengi almennings með fram vatninu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að mikill bratti er við vatnið þar sem deiliskipulagssvæðið er staðsett og þarf því að gæta þess að rými sé fyrir göngustíginn. Umhverfisstofnun telur að mögulega þurfi að endurskoða lóðamörkin er snúa að brúninni með það í huga að aðgengi almennings meðfram vatninu sé tryggt.

Mikilvægt er að vel verði staðið að frágangi og útfærslu hreinsivirkja og Umhverfisstofnun minnir á að eftirfarandi ákvæði reglugerðar nr. 650/2006: „*Innan verndarsvæðis Þingvallavatns er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað, hvort sem um er að ræða yfirborðsvatn eða grunnvatn*“.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun